

Fyrirmæli í Skólagátt



1. Veljið rétt próf:

1. bekkur - Lesfimi - janúar

2. Neðst á síðunni:

Um prófið

Lesfimiþróf *Lesferils* eru stöðupróf þar sem metnir eru þrjár þættir í lestri nemandans; **leshraði**, **lestrarnákvæmni** og **hrynærni þættir**. Hér er um að ræða einstaklingspróf sem taka tvær mínútur í fyrirögn.

Góð lesfimi stuðlar að auknum lesskilningi þar sem hún gefur nemendum færi á að beina aukinni athygli að innihaldi textans. Ef nemandi nær ekki góðum tókum á lesfimi verður lestur ónákvæmur og tafsamur. Lesfimi er hæfileiki sem þarf að þjálfra og viðhalda eins og hverri annarri færni.

Prófgögn

Til útprentunar

- Prófblað í lesfimi (nemendablað).
- Skráningarblað (kennarablað) fyrir lesfimiþróf (eitt blað á nemanda).

Önnur gögn

- Skrifffæri
- Tímamælir
- Upptökutæki/upptökuforrit (ef taka á upp lestur).

Lesfimiþróf – fyrirmæli

Hér sérðu textablað, þú átt að lesa þennan texta eins hratt og vel og þú getur í tvær mínútur. Ég mun taka tímann á meðan þú lest. Skilur þú hvað þú átt að gera? Ertu tilbúin/n?

Lesfimiþróf – skráning

Nemandi les í tvær mínútur og kennari merkir inn á skráningarblaðið síðasta orðið sem nemandi las. Einnig þarf að merkja við öll rangt lesin orð, rangt lesin orð teljast rétt ef nemandinn leiðréttir sig sjálfur. Ef nemandi sleppir línu er mælt með því að leiðbeina honum inn á réttan stað. Ef það er ekki gert þarf að merkja öll orð sem nemandinn sleppti sem rangt lesin.

Færið niðurstöður af skráningarblaðinu inn á viðeigandi skjal í Skólagátt með því að smella á rangt lesin orð (ef einhver eru) og síðasta lesna orð í textanum. Ef nemandi las síðasta orðið rangt merkir kennari við það orð og þá telst það síðasta orðið sem lesið var. Það telst ekki villa heldur sem síðasta orð sem lesið var.